

Ég, Jóna Björk Jónsdóttir, vil koma á framfæri eftirfarandi athugasemd við tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 727. mál.

Um leið og ég styð eindregið að Djúpárvirkjun (14) og Hólmsárvirkjun við Einhyrning – miðlun við Hólmsárlón (20) verði sett í verndarflokk þá legg ég áherslu á að aðrar virkjanir í Skaftárhreppi verði fluttar í verndarflokk en það er Hverfisfljótsvirkjun (15), Búlandsvirkjun (40), Hólmsárvirkjun við Einhyrning – án miðlunar (19) og Hólmsárvirkjun neðri við Atley (21). Rök þess er mat faghóps I en í niðurstöðum hennar bls 72 til 73 stendur

„Faghópur I vill að auki koma einni sérstakri ábendingu varðandi verndun til stjórnvalda. Það er mat faghópsins að suðurhluti miðhálandisins, á hinu eldvirka belti frá Markarfljóti og austur að Skaftá búi yfir mjög miklum verðmætum, einkum í jarðminjum, landslagi og víðernum, en einnig að hluta í lífríki. Innan þessa svæðis falla mörg af merkilegustu jarðfræðifyribærum landsins svo sem Torfajökulssvæðið, Eldgjá (frá Mýrdalsjökli að Langasjó), Lakagígar og Skaftáreldahraunið, móbergshryggir við Langasjó, Tungnaá, og suðaustan Torfajökulssvæðisins og Markarfljótsgljúfur. Einnig má nefna Rauðubotna, Mælifellssand og Þórsmörk/Almenninga. Svæðið er ekki sérstaklega lífauðugt en þar eru þó tvenns konar vistkerfi sem eru mjög óvenjuleg á heimsvísu, breiskjuhraunin á hálandi Skaftáreldahrauns og hið þykka mosagróna Eldhraun á láglandi. Svæðið býr yfir einstaklega fjölbreyttu landslagi sem sumt á sér óvíða, og jafnvel hvergi hliðstæðu og stórir hlutar þess eru enn lítt snortið víðerni.“

Þarna kemur fram skýr niðurstaða helstu sérfræðinga landsins að hlífa skuli því landsvæði sem nú telst til Skaftárhrepps við virkjanaframkvæmdum og nýta það með sjálfbærum hætti fyrir komandi kynslóðir.

Í hvítbók um náttúruvernd sem gefin var út af Umhverfisstofnun 2011 er einnig vikið að sérstöðu vatnasvæði Skaftárhrepps en þar stendur

„Mikilvægt er að stuðla að verndun heildstæðra vatnasviða af ólíkum vatnagerðum. Einna brýnast er að standa vörð um lindavatnskerfi á eldvirka belti landsins þar sem er að finna ungar gropnar og lekar hraunmyndanir sem myndast hafa í gosum eftir að síðasta jökulskeiði lauk...“ (bls 69).

Með hliðsjón af sérstöðu svæðisins var árið 2011 formlega samþykktur Jarðvangur yfir sveitarfélögin Skaftárhrepp, Mýrdalshrepp og Rangárþing eystra en hann er hluti af European Geoparks Network og UNESCO Global Geoparks Network. Með jarðvangnum skapast ný tækifæri í ferðþjónustu og til framleiðslu afurða á svæðinu en ósjálfbærar framkvæmdir munu rýra mjög gildi svæðisins og möguleika þess í ferða- og framleiðsluiðnaði. Bændur í Skaftártungu hafa einnig lýst áhyggjum sínum um að virkjanir rýri beitarland þeirra og minnki möguleika til að nýta jarðir sínar á sjálfbæran hátt.

Að teknu tilliti til náttúrfars, náttúru- og menningarminja og hagsmuni allra þeirra sem nýta svæðið ætti að setja allar virkjanir í Skaftárhrepp í verndarflokk. En eins og fram kemur í samþykkt ríkisstjórnarinnar 1997 er markmið rammaáætlunar:

"..að leggja mat á og flokka virkjunarkosti, jafnt vatnsafls og háhita, meðal annars með tilliti til orkugetu, hagkvæmni og annars þjóðhagslegs gildis, samhliða því að skilgreina, meta og flokka áhrif þeirra á náttúrufar, náttúru- og menningarminjar svo og á hagsmuni allra þeirra sem nýta þessi sömu gæði. Með þessu móti sé lagður grundvöllur að forgangsröðun virkjunarkosta með tilliti til þarfar þjóðfélagsins hvað varðar atvinnustarfsemi, varðveislu náttúrugæða, styrkingu landsbyggðar og hagsmuna allra þeirra sem nýta þessi sömu gæði með sjálfbæra þróun að leiðarljósi."

Með þetta í huga legg ég áherslu á að virkjanir í Skaftárhreppi verði fluttar í verndunarflokk rammaáætlunar.

Jóna Björk Jónsdóttir  
011165-5169  
Mörtunga I, Skaftárhreppi